

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1159  
komudagur 26.2.2004

## SVÍNAVATNSHREPPUR

Dalsmynni 19. febrúar 2004.

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Undirritaður fékk til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Á blaðsíðu 19 í umræddri áætlun er staðreyndavilla sem mig langar til að verði leiðrétt samanber afrit af bréfi sem ég skrifaði Umhverfisstofnun 11. ágúst s.l.

Mörk Svínavatnshrepps og Bólstaðarhlíðarhrepps eru Blanda allt frá Hofsjökli og svo langt niður sem samliggjandi mörk hreppanna ná. Austan Blöndu eru Guðlaugstungur og Ásgeirstungur (Álfgeirstungur) og eru réttilega í Bólstaðarhlíðarhreppi. Vestan árinna eru hins vegar Biskupstungur sem liggja á Auðkúluheiði og eru í Svínavatnshreppi.

Virðingarfyllst,



Jóhann Guðmundsson  
oddviti Svínavatnshrepps.

## SVÍNAVATNSHREPPUR

11. ágúst 2003.

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík.

Við yfirllestur á Náttúruverndaráætlun 2003-2008 virðist mér sem að inn í texta hafi komið villa sem ég vil benda á og óska leiðréttingar.

Guðlaugstungur – Álfgeirstungur

Mörk: Frá Dúfunefsfelli norðan Hveravalla í háaustur að Blöndu.....  
Frá ármótum Haugakvíslar til suðurs með Blöndu að Seyðisá og Þegjanda í  
Dúfunefsfell.  
Þarna er um misskilning að ræða.

Vesturmörk Guðlaugstungna og Álfgeirstungna er Blanda og er það svæði réttilega í  
Bólstaðarhlíðarhreppi. Óska ég að textinn verði leiðréttur til samræmis við það.

Ef hins vegar ef farið er upp með Seyðisá og Þegjanda að Dúfunefsfelli þá er  
jafnframt búið að afmarka Biskupstungur líka og er Dúfunefsfell nær því að vera í  
austur frá Hveravöllum en í norður. Biskupstungurnar eru á Auðkúluheiði í  
Svínavatnshreppi. Öll hrossabeit hefur undanfarin u.þ.b. 20 ár verið bönnuð á  
Auðkúluheiði.

Virðingarfyllst,

Jóhann Guðmundsson  
oddviti Svínavatnshrepps.